



*Kæru vinir, kunningjar og aðrir samborgarar.*

Á næsta ári verða forsetakosningar. Traustir ábyrgðarmenn almannahagsmuna verða að hugsa sig vandlega um. Hvernig forseta viljum við? Hvert á hlutverk forseta að vera? Þetta bréf er sent til 150-200 einstaklinga sem vakið hafa athygli mína undanfarin ár fyrir að vilja leggja gott til mála. Mér finnst þú og aðrir viðtakendur hafa sýnt samfélagslega vitund í verki með ýmsum hætti og nú vil ég freista þess að fá þig til að taka þátt í umræðu um hið mikilvæga hlutverk forseta á næstu árum. Þess vegna kynni ég umræðuvettvang um efnið með þessu bréfi.

Í forsetakosningum hefur enginn flokkur eða stofnun forræði yfir vali á frambjóðendum né leggur línur um stefnu. Þjóðin kýs beint. Það er okkar hlutverk að taka ábyrgð þegar í hönd fara mikilvægar kosningar. Á það vil ég minna með þessu bréfi.

Forseti Íslands er áhrifavaldur, afstaða hans til samfélagsmála er mikilvæg eins og ráða má af framgöngu allra þeirra sem gegnt hafa embættinu á lýðveldistímanum. Því miður er staðan sú að stjórnarskráin gefur talsvert svigrúm til frjálslegrar túlkunar á hlutverki og framgöngu forseta. Næsti forseti Íslands þarf því að hafa skýrt umboð til að tala máli almannahagsmuna og beita áhrifum embættisins til góðs. Forseti er þjóðkjörinn, áhrifavald embættisins er þjóðareign.

Að mínu mati verðum við að íhuga vandlega hvernig við viljum að forsetaembættinu verði beitt á næstu árum og það gert að jákvæðu afli í þágu almannahagsmuna.

Hvaða hagsmunir eru það? Í fyrsta lagi eru það skýrir almannahagsmunir að gerðar verði lýðræðisumbætur sem feli í sér aukið áhrifavald almennings á framvindu mála með beinum hætti. Í öðru lagi verður forseti að hafa langtímasýn um réttláta samfélagsgerð og brýna fólk í því efni. Forseti á að vera óbilandi vörður réttlætis og lýðræðislegra aðferða með synjunarvaldi sínu til að taka í taumana þegar tilefni gefst til og leggja í dóm þjóðarinnar.

Almennt séð á forseti að hlusta á, skilja og leiða saman ólík sjónarmið og túlka í þágu menningar, lýðræðis, jafnréttis og framsækni í umhverfismálum. Margt bendir til að verulega muni á reyna í þeim efnum á næstunni, heima og erlendis. Þá á forseti Íslands að bera fram fordómalaus og frjálsslynd viðhorf í anda mannúðarstefnu. Andstæð viðhorf munu leitast við að þrengja kosti, ramma þjóðfélagsumræðuna innan viðtekinna múra, viðhalda aðstöðubraski og spillingu og vernda sérhagsmuni - jafnvel ala á fordómum ef því er að skipta.

Þetta er viðamikili hlutverk sem ég lýsi - og margþætt. Það skiptir miklu að sá sem velst í embættið hafi styrk og þor til efla grunngildi í frjálslyndu og mannúðlegu lýðræðissamfélagi. Til þess þarf næsti forseti að hafa skýrt umboð.

Það er kominn tími til að breyta. Við erum mörg „búin að fá nóg“ þessi fyrstu ár 21. aldarinnar. Forsetakosningar á næsta ári geta markað tímamót í stjórnáamamenningu okkar. Ég hef áhuga á að stofna opinn umræðuvettvang og kanna hug ykkar til hlutverks forseta Íslands. Vefsíðan heitir „Hlutverk forseta“ og er nú opin á Facebook. Sem stendur er hún aðeins kynnt í þessum tiltölulega smáa hópi og þar má finna könnun um forsetaembættið sem ég hef áhuga á að prófa á ykkur fyrst - og síðan stærri hópi. Hugsum saman. Ræðum saman. Ábyrgðin er okkar.

Kær kveðja,



*Stefán Jón Hafstein.*

Ps. Hægt er að ná sambandi við mig vegna þessa gegnum [www.stefanjon.is](http://www.stefanjon.is), á [stefanjon@islandia.is](mailto:stefanjon@islandia.is) eða Fésbók þar sem ég fylgist með. Þar sem ég er staddur í Úganda núna fylgir ekki persónuleg undirskrift eins og ég hefði kosið, heldur fjöldaframleidd. sjh